MVP ehf., kt. 551217-0270, Laugavegur 33b, Reykjavík 2019020828)	2. júlí 2019	mánudaginn 3. febrúar 2020, kl. 11.00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík, Jónatanesson & Co. lögfræðistofu.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 6, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 4. nóvember 2019.

Hróbjartur Jónatanesson
lögmaður.

(2019020827A

Útgáfud.: 8. nóvember 2019

Lausar stöður lögreglumanna - Akureyri

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra auglýsir lausar til umsóknar tvær stöður lögreglumanna með starfsstöð á Akureyri. Gert er ráð fyrir að lögreglustjóri skipi í stöðurnar, til fimm ára, frá og með 1. janúar 2020.

Helstu verkefni og ábyrgð: Hlutverk lögreglu er að gæta almannaoðryggis og tryggja réttaröryggi; stemma stigum við afbrotum og vinna að uppljóstran brota; greiða götu borgaranna og veita yfirvöldum aðstoð við framkvæmd starfa sinna og að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu.

Hæfnikröfur: Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins eða diplómanámi í lögreglufræðum sem jafngildir a.m.k. 120 stöðluðum námseiningum, þ.m.t. starfsnámi á vegum lögreglunnar. Þó er heimilt að ráða ófagmenntað fólk til tímabundinna afleysingastarfa ef ekki sækja um fagmenntaðir einstaklingar. Góð þekking á lögreglakerfinu (LÖKE) æskileg sem og önnur almenn tölvukunnátta, einnig er tungumálakunnátta kostur. Nauðsynlegt er að viðkomandi búi yfir skipulagshæfni og vandvirkni í vinnubrögðum, sýni frumkvæði og sjálfstæði í starfi og hafi yfir að búa færni í mannlegum samskiptum og hæfni til að starfa í hóp.

Vakin er athygli á því að engan má ráða til starfa hjá lögreglu sem hefur gerst sekur um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningi sýnt af sér háttsemi sem rýrt getur það traust sem starfsmenn lögreglu verða almennt að njóta. Til þess að staðreyna þetta er lögreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá eða málaskrá lögreglu, sbr. 28. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996.

Frekari upplýsingar um starfið: Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Landssamband lögreglumanna hafa gert.

Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um skipun hefur verið tekin. Athygli er vakin á að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Í ljósi ríkjandi kynjahlutfalls innan lögreglu og jafnréttisáætlunar lögreglunnar eru konur sérstaklega hvattar til að sækja um.

Sækja skal um stöðurnar rafrænt á starfatorg.is.

Starfshlutfall er 100%.

Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember 2019.

Nánari upplýsingar veita Kristján Kristjánsson, krkr@logreglan.is, 4442800 og Jóhannes Sigfússon, js02@logreglan.is, 4442800.

Lögreglustjórinn á Norðurl eystra.

(2019020710

Útgáfud.: 8. nóvember 2019

Biskup Íslands auglýsir starf sóknarprests í Glerárprestakalli, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmis laust til umsóknar

Biskup Íslands óskar eftir sóknarpresti til þjónustu í Glerárprestakalli, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi frá og með 1. febrúar 2020.

Um val á umsækjendum er vísað til starfsreglna kirkjupings „um val og veitingu prestsembætta“ nr. 144/2016 og „um presta“ nr. 1011/2011, svo og „leiðbeinandi reglna biskups Íslands fyrir umsækjendur um laus prestsembætti“ frá 2017. Tengla á þessar heimildir er að á www.kirkjan.is.

Með umsókn sinni staðfesta umsækjendur að þeir hafi átt þess kost að kynna sér þessar reglur.

Í Glerárprestakalli er ein sókn, Lögmanshlíðarsókn, með rúmlega sjö þúsund íbúa og eina kirkju, Glerárkirkju. Lögmanshlíðarsókn er á samstarfssvæði með Akureyrar-, Grundar-, Hóla-, Kaupangs-, Munkaþverár-, Möðruvalla- og Saurbæjarssóknum.

Vísað er til þarfagreiningar Lögmanshlíðarsóknar Glerárprestakallsins varðandi frekari upplýsingar um starfið og starfsumhverfið. Auglýsing þessi og þarfagreining er birt á vef kirkjunnar, www.kirkjan.is undir laus störf. Þá er bent á vef Glerárprestakalls: www.glerarkirkja.is/.

Allar gildar umsóknir fara til þriggja manna matsnefndar sem metur hæfni umsækjenda, sbr. 5. og 6. gr. framangreindra starfsreglna „um val og veitingu prestsembætta“. Matsnefnd velur að jafnaði fjóra hæfustu umsækjendurna en þó aldrei fleiri en fimm og skilar skýrslu þar að lútandi til biskups.

Kjörnefnd Glerárprestakalls kýs prest úr hópi framangreindra umsækjenda, að loknu valferli kjörnefndar, sbr. fyrrgreindar starfsreglur „um val og veitingu prestsembætta“. Báðum þessum nefndum er veittur tímabundinn rafrænn aðgangur að umsóknum og fylgigögnum með þeim.

Umsækjendur geri skriflega grein fyrir starfsferli, samskiptahæfileikum og öðru því sem þeir óska eftir að taka fram. Umsókn skal fylgja staðfest afrit af prófskírteini ásamt einkunnum svo og upplýsingar um starfsþjálfun eftir því sem við á. Einnig skal fylgja staðfesting á annarri menntun og þjálfun eftir atvikum.

Umsækjendum ber að skila greinargerð, að hámarki 500 orð, um framtíðarsýn sína og væntingar varðandi þjónustuna.

Þá skulu umsækjendur fylla út eyðublað þar sem biskupi er heimilaður aðgangur að tilteknum upplýsingum úr sakaskrá um viðkomandi umsækjenda, sbr. 3. gr. starfsreglnanna. Skal undirrituð heimild þar um fylgja umsókninni. Eyðublaðið má finna á vef kirkjunnar www.kirkjan.is undir laus störf.

Heimilt er að óska eftir því að almennar prestskosningar fari fram samkvæmt 15. gr. framangreindra starfsreglna „um val og veitingu prestsembætta“. Skrifleg ósk um kosningu skal hafa borist biskupi eigi síðar en hálfum mánuði eftir að prestakallið var auglýst laust til umsóknar.

Um starfið gilda lög „um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar“ nr. 78/1997, lög „um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins“ nr. 70/1996, starfsreglur er kirkjuþing setur og samþykktir um innri málefni kirkjunnar. Er einkum vísað til starfsreglna um presta.

Um laun og önnur kjör fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Vakin er athygli á fyrirhuguðum breytingum á réttarstöðu starfsmanna kirkjunnar, þar með talið presta, sbr. viðbótarsamningur íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar, dags. 6 september 2019 þar sem fram kemur að fyrirhugað sé að dómsmálaráðherra leggi fram frumvarp til laga á Alþingi, sem feli m.a. í sér breytingu á 22. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en í umræddri grein eru biskup Íslands, vígslubiskupar, prófastar og prestar þjóðkirkjunnar tilgreindir sem embættismenn ríkisins. Fyrirhugað er að breytingin taki gildi frá og með 1. janúar 2020.

Áskilinn er réttur til að skilgreina viðbótarskyldur við prófastsdæmið og biskupsstofu, eða önnur kirkjuleg stjórnvöld.

Biskupafundur hefur unnið að breytingum á skipan prestakalla um allt land með sameiningum tveggja eða fleiri í eitt stærra prestakall án fækkunar presta. Ofangreint starf er auglýst með þeim fyrirvara að vera má að biskupafundur leggi tillögur fyrir kirkjuþing er varða m.a. Glerárprestakall og sem kunna að leiða til breytinga á skipan prestakalla í prófastsdæminu hljóti þær samþykki kirkjuþings.

Nánari upplýsingar, t.d. um starfskjör, helstu reglur og skyldur varðandi starfið, eru veittar á Biskupsstofu, s. 5284000, hjá sr. Gunnlaugi Garðarssyni, sóknarpresti Glerárprestakalls, s. 864-8455 og Jóni Á. Gíslasyni, prófasti Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmis, s. 866-2253.

Umsóknarfrestur er til miðnættis mánudaginn 9. desember 2019.

Sækja ber rafrænt um starfið á vef kirkjunnar og leggja fram tilskilin fylgigögn á rafrænu formi ásamt öðrum þeim gögnum er umsækjandi kann að vilja leggja fram.

Vísað er til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Vakin er athygli á því að nöfn umsækjenda verða birt á vef kirkjunnar www.kirkjan.is að liðnum umsóknarfresti.

Biskup Íslands.

(2019020711)

Útgáfud.: 8. nóvember 2019

Biskup Íslands auglýsir laust til umsóknar starf sóknarprests í Þorlákshafnarprestakalli, Suðurprófastsdæmi

Um val á umsækjendum er vísað til starfsreglna kirkjupings „um val og veitingu prestsembætta“ nr. 144/2016 og „um presta“ nr. 1011/2011, svo og „leiðbeinandi reglna biskups Íslands fyrir umsækjendur um laus prestsembætti“ frá 2017. Tengla á þessar heimildir er að finna á www.kirkjan.is.

Með umsókn sinni staðfesta umsækjendur að þeir hafi átt þess kost að kynna sér þessar reglur.

Í Þorlákshafnarprestakalli, eru tvær sóknir, Þorláks- og Hjallasókn í Ölfusi og Strandarsókn, með tæplega 1.800 íbúa og þrjár kirkjur: Þorlákskirkja í Þorlákshöfn, Hjallakirkja að Hjalla í Ölfusi og Strandarkirkja að Strönd í Selvogi. Þorláks- og Hjallasókn í Ölfusi og Strandarsókn eru á samstarfssvæði með

Selfoss-, Hraungerðis-, Laugardæla-, Villingaholts-Gaulverjabæjar-, Eyrarbakka-, Stokkseyrar-, Hveragerðis- og Kotstrandarsóknum.

Vísað er til þarfagreiningar fyrir prestakallið varðandi frekari upplýsingar um starfið og starfsumhverfið. Auglýsing þessi og þarfagreining er birt á vef kirkjunnar, www.kirkjan.is undir laus störf.

Allar gildar umsóknir fara til þriggja manna matsnefndar sem metur hæfni umsækjenda, sbr. 5. og 6. gr. framangreindra starfsreglna um val og veitingu prestsembætta. Matsnefnd velur að jafnaði fjóra hæfustu umsækjendurna en þó aldrei fleiri en fimm og skilar skýrslu þar að lútandi til biskups.

Kjörnefnd Þorlákshafnarprestakalls kýs sóknarprest úr hópi umsækjenda, að loknu valferli kjörnefndar, sbr. fyrrgreindar starfsreglur „um val og veitingu prestsembætta“. Báðum þessum nefndum er veittur tímabundinn rafrænn aðgangur að umsóknum og fylgigögnum með þeim.

Umsækjendur geri skriflega grein fyrir starfsferli, samskiptahæfileikum og öðru því sem þeir óska eftir að taka fram. Umsókn skal fylgja staðfest afrit af prófskírteini ásamt einkunnum svo og upplýsingar um starfsþjálfun eftir því sem við á. Einnig skal fylgja staðfesting á annarri menntun og þjálfun eftir atvikum.

Umsækjendum ber að skila greinargerð, að hámarki 500 orð, um framtíðarsýn sína og væntingar varðandi þjónustuna.

Umsækjendum ber að fylla út eyðublað þar sem biskupi er heimilaður aðgangur að tilteknum upplýsingum úr sakaskrá um viðkomandi umsækjanda, sbr. 3. gr. starfsreglnanna. Skal undirrituð heimild þar um fylgja umsókninni. Eyðublaðið má finna á vef kirkjunnar www.kirkjan.is undir laus störf.

Heimilt er að óska eftir því að almennar prestskosningar fari fram samkvæmt 15. gr. framangreindra starfsreglna „um val og veitingu prestsembætta“. Skrifleg ósk um kosningu skal hafa borist biskupi eigi síðar en hálfum mánuði eftir að prestakallið var auglýst laust til umsóknar.

Um starfið gilda lög „um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar“ nr. 78/1997, lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, starfsreglur er kirkjuþing setur og samþykktir um innri málefni kirkjunnar. Er einkum vísað til starfsreglna um presta.

Um laun og önnur kjör fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Áskilinn er réttur til að skilgreina viðbótarskyldur við prófastsdæmið og biskupsstofu eða önnur kirkjuleg stjórnvöld.

Biskupafundur hefur unnið að breytingum á skipan prestakalla um allt land með sameiningum tveggja eða fleiri í eitt stærra prestakall án fækkunar presta. Ofangreind þjónusta er auglýst laus til umsóknar með þeim fyrirvara að vera má að biskupafundur leggi tillögur fyrir kirkjuþing er varða m.a. Þorlákshafnarprestakall og sem kunna að leiða til breytinga á skipan prestakalla í prófastsdæminu, hljóti þær samþykki kirkjuþings.

Vakin er athygli á fyrirhuguðum breytingum á réttarstöðu starfsmanna kirkjunnar, þar með talið presta, sbr. viðbótarsamning íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar, dags. 6.

september 2019 þar sem fram kemur að fyrirhugað sé að dómsmálaráðherra leggi fram frumvarp til laga á Alþingi, sem feli m.a. í sér breytingu á 22. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en í umræddri grein eru biskup Íslands, vígslubiskupar, prófastar og prestar þjóðkirkjunnar tilgreindir sem embættismenn ríkisins. Fyrirhugað er að breytingin taki gildi frá og með 1. janúar 2020.

Nánari upplýsingar, t.d. starfskjör, helstu reglur og skyldur varðandi starfið, eru veittar hjá sr. Halldóru Þorvarðardóttur, prófasti Suðurprófastsdæmis, s. 862 6585 og á Biskupsstofu, s. 528 4000.

Umsóknarfrestur er til miðnætis mánudaginn 9. desember 2019.

Sækja ber rafrænt um starfið á vef kirkjunnar og leggja fram tilskilin fylgigögn á rafrænu formi ásamt öðrum þeim gögnum er umsækjandi kann að vilja leggja fram.

Vísað er til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Vakin er athygli á því að nöfn umsækjenda verða birt á vef kirkjunnar www.kirkjan.is að liðnum umsóknarfresti.

Biskup Íslands.

(2019020712

Útgáfud.: 11. nóvember 2019

Nauðungarsölur - Seyðisfjörður

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölur til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins Bjólfsgötu 7, Seyðisfirði, 11. desember 2019 kl. 14.00 hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar: Austurvegur 44,
Seyðisfirði.

Fastanr.: 2168311.

Gerðarþoli (-ar): Reykjavík West Apartments ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 152.673.

2019020830)

Heiti eignar: Möðrudalur /Lóð 1,
Fljótsdalshéraði.

Fastanr.: 2299145.

Gerðarþoli (-ar): Vilhjálmur Vernharðsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Landsbankinn hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 3.732.176.

2019020831)

Heiti eignar: Ós,

Fjarðabyggð.

Fastanr.: 2178687.

Gerðarþoli (-ar): Hreinn Pétursson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Landsbankinn hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 1.446.564.

2019020834)

Heiti eignar: Strandgata 15A,
Fjarðabyggð.

Fastanr.: 2170387.

Gerðarþoli (-ar): Guðmundur Unnpór Hallsson og Hrefna Sigríður Reynisdóttir.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Íslandsbanki hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 6.249.155.

2019020832)

Heiti eignar: Strandgata 86B,
Fjarðabyggð.

Fastanr.: 2170533.

Gerðarþoli (-ar): Hólsvegur ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sýslumaðurinn á Austurlandi.

Fjárhæðir krafna í kr.: 2.635.197.

2019020833)

Heiti eignar: Þverhamar /Lóð 1 2A,
Fjarðabyggð.

Fastanr.: 2253121.

Gerðarþoli (-ar): Horst Wolfgang Karl Mueller.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Íbúðalánasjóður.

Fjárhæðir krafna í kr.: 24.416.630.

2019020835)

Sýslumaðurinn á Austurlandi,
6. nóvember 2019.

Lárus Bjarnason.

(2019020829

Útgáfud.: 6. nóvember 2019

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hafnarstræti 19, Ísafirði á neðangreindum tíma. Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu, sem liggur þegar frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir sem eiga hlut að máli vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð úr þrotabúinu.

Nafn bús:

Ingunnarstaðir ehf.,
kt. 410708-2560,
Ingunnarstöðum,
Reykholahreppi

Skiptafundur:

22. nóvember 2019,
kl. 11.00

Ísafirði, 1. nóvember 2019.

Kristján Óskar Ásvaldsson
lögmaður.

(2019020495

Útgáfud.: 8. nóvember 2019

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Ármúla 13, Reykjavík á neðangreindum tíma. Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu, sem liggur þegar frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir sem eiga hlut að máli vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð úr þrotabúinu.

Nafn bús:

Lækjarstétt ehf.,
kt. 490408-0880,
Bollagörðum
Seltjarnarnesi

Skiptafundur:

25. nóvember 2019,
kl. 14.00
65,

Reykjavík, 4. nóvember
2019.

Þorsteinn Einarsson hrl.

(2019020723

Útgáfud.: 11. nóvember 2019

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að fundarsal Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík á neðangreindum tíma. Efni fundarins er að fjalla um skrá um lýstar kröfur og afstöðu skiptastjóra til lýstra krafna. Verði afstöðu skiptastjóra ekki mótmælt í síðasta lagi á fundinum telst afstaða endanlega samþykkt við skiptin.

Þrotabú, nafn:

WOW air hf.,
kt. 451011-0220,
síðasta heimilisfang:
Katrínartún 4, Reykjavík

Skiptafundur:

28. nóvember 2019,
kl. 14.00

Reykjavík, 10. október 2019.

Þorsteinn Einarsson
lögmaður.

(2019020843

Útgáfud.: 7. nóvember 2019

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 22. nóvember 2018 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 13. febrúar 2019 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Tecshop ehf.,
kt. 660615-0240,
Holtasmára 1, Kópavogi

kr. 9.008.434

Hafnarfirði, 9. október 2019.
Vilhjálmur Bergs
lögmaður.

(2019020695

Útgáfud.: 7. nóvember 2019

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 25. október 2018 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 17. janúar 2019 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Primefish á Íslandi ehf.,
kt. 600700-4050,
Löngulínu 13, Garðabæ

kr. 4.565.342

Hafnarfirði, 9. október 2019.
Vilhjálmur Bergs
lögmaður.

(2019020696

Útgáfud.: 7. nóvember 2019

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 22. nóvember 2018 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 13. febrúar 2019 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

LMX ehf.,
kt. 610694-2419,
Stuðlabergi 16, Hafnarfirði

kr. 10.043.695

Hafnarfirði, 9. október 2019.

Vilhjálmur Bergs
lögmaður.

(2019020703

Útgáfud.: 8. nóvember 2019

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 19. september 2018 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 5. nóvember 2019 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

BHG ehf.,
kt. 530916-0300,
Borgartúni 25, Reykjavík

kr. 25.923.701

Reykjavík, 5. nóvember
2019.

Einar Hugi Bjarnason hrl.

(2019020720

Útgáfud.: 8. nóvember 2019

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 6. mars 2019 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 14. júní 2019 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Sóttthreinsun og þrif ehf.,
kt. 681103-2520,
Desjamýri 8, Mosfellsbæ

kr. 13.572.419 auk áfallinna
vaxta og kostnaðar eftir
úrskurðardag
gjaldþrotaskipta.

Reykjavík, 1. nóvember
2019.

Ragnheiður Jónsdóttir hdl.

(2019020721

Útgáfud.: 8. nóvember 2019

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 6. mars 2019 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 14. júní 2019 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

JB Borgarar ehf.,
kt. 650113-0200,
Grensásvegi 5-7, Reykjavík

kr. 7.061.705

Reykjavík, 1. nóvember
2019.

Ragnheiður Jónsdóttir hdl.
(2019020722)

Útgáfud.: 8. nóvember 2019

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 19. september 2018 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 5. nóvember 2019 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Kaffi Nora ehf.,
kt. 650416-1710,
Borgartúni 25, Reykjavík

kr. 24.017.045

Reykjavík, 5. nóvember
2019.

Einar Hugi Bjarnason hrl.
(2019020727)

Útgáfud.: 6. nóvember 2019

Auglýsing um skipulag - Grýtubakkahreppur

Fristundabyggð Sunnuhlíð, Grýtubakkahreppi - auglýsing deiliskipulagstillögu.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps samþykkti á fundi sínum þann 28. október 2019 að auglýsa tillögu að endurskoðuðu deiliskipulagi fyrir frístundabyggðina Sunnuhlíð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða endurskoðun gildandi deiliskipulags sem öðlaðist gildi árið 2006. Helstu breytingar í endurskoðuðu deiliskipulagi eru að heimilt byggingarmagn hefur verið aukið, byggingarreitur stækkaðir, einni lóð bætt við innan skipulagssvæðis, auk þess sem reglum um aðstöðuhús og viðmiðum um framkvæmdatíma bætt við skipulagsskilmála.

Skipulagstillagan liggur frammi á sveitarskrifstofu Grýtubakkahrepps milli 6. nóvember 2019 og 18. desember 2019 og á heimasíðu sveitarfélagsins, grenivik.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að koma ábendingum á framfæri til miðvikudagsins

18. desember 2019. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast á sveitarskrifstofu Grýtubakkahrepps, Túngötu 3, 610 Grenivík eða í tölvupósti á netfangið vigfus@sbe.is.

Skipulags- og byggingarfulltrúi.

(2019020494)

Útgáfud.: 7. nóvember 2019

Auglýsing um skipulag - Skaftárhreppur

Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:

Breyting á aðalskipulagi - þétting byggðar á Kirkjubæjarklaustri.

Um er að ræða verulega breytingu á aðalskipulaginu þar sem lögð er til breyting á texta í greinargerð í kafla 3.1 íbúðarsvæði en ekki er gerð breyting á aðalskipulagsuppdætti.

Um er að ræða fjölgun íbúða úr 19 í 38 á þegar skilgreindu íbúðarsvæði IB-2, Skerjavellir, Skriðuvellir og Klausturvegur.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

Deiliskipulag - þétting byggðar - Preststún.

Um er að ræða deiliskipulag á Kirkjubæjarklaustri á svæði sem skilgreint er sem íbúðabyggð (IB-2) í aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022. Svæðið er á um 0,4 ha landsvæði ofan Klausturvegar gengt Kirkjubæjarskóla. Um er að ræða 4 einbýlishúsálóðir og 2 parhúsálóðir.

Deiliskipulag - þétting byggðar - Læknisreitur.

Um er að ræða deiliskipulag á Kirkjubæjarklaustri á svæði sem skilgreint er sem íbúðabyggð (IB-2) og opinber þjónusta (S-4) í aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022. Svæðið er á um 1,23 ha landsvæði ofan Skriðuvalla og er að mestum hluta óbyggt en innan svæðisins er Heilbrigðisstofnun Suðurlands og eitt íbúðarhús/læknisbústaður. Um er að ræða lóðir fyrir 6 einbýli á 1-2 hæðum, 1 parhús og 3ja íbúða raðhús.

Deiliskipulag - Flaga II, land í Skaftárhreppi.

Deiliskipulagið tekur til lóðar með landnúmer 176602, Flaga II land í Skaftárhreppi. Heildarstærð deiliskipulagssvæðisins er 1,4 ha. Deiliskipulagið tekur til íbúðarhúss, geymslu, ferðapjónustuhúsa og bílastæða. Í aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 er svæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði í deifbýli, V4 þar sem íbúðarhús er nýtt fyrir ferðapjónustu.

Samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Deiliskipulagsbreyting - Hæðargarður, minnkun frístundabyggðar.

Deiliskipulagið er minnkað og tekið er út opið og óbyggt svæði og sjö frístundalóðir, M1, M2, M3, M4, M5, M6 og M7. Svæðið sem tekið er út er um 8 ha.

Tillögurnar liggja frammi á skrifstofu Skaftárhrepps, frá og með fimmtudeginum 7. nóvember til og með 19. desember 2019. Tillögurnar eru til sýnis á heimasíðu Skaftárhrepps,

www.klaustur.is. Skila skal athugasemdum á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

Skipulagsfulltrúi Skaftárhrepps.

(2019020694

Útgáfud.: 11. nóvember 2019

Auglýsing um skipulag - Hafnarfjörður

Skipulagsmál Hafnarfjörður, deiliskipulagsbreyting, Ásvellir 1.

Á fundi bæjarstjórnar þann 18. september 2019 var samþykkt að auglýsa breytingar á deiliskipulagi Haukasvæðis við Ásvelli 1 í Hafnarfirði í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í breytingunni felst að: skilgreind er ný lóð undir íbúðabyggð vestan megin við íþróttamiðstöð. Gert er ráð fyrir 100-110 íbúðum eða um 10.000 m² byggingarmagni á lóðinni. Hæð húsa verði 2-5 hæðir. Bílajakallari verði undir byggingunum fyrir 90 bílastæði og ofanjarðar verður gert ráð fyrir 60 bílastæðum.

Fjölnota knatthús sem fyrirhugað var að byggja sunnan við gervigrasvöll verður nú staðsett nyrst á lóðinni. Hæð þess verður 25 m yfir miðju vallar en 12 m í hliðum. Grunnflötur byggingarreits er 13.050 m² og verður stærð húss 9.900 m² nettó. Samtengt knatthúsinu verður 900 m² þjónustubygging innan sama byggingarreits. Mænishæð þjónustubyggingar verður 5 m. Gert er ráð fyrir um 230 nýjum bílastæðum vestan og norðan megin við knatthús. Að öðru leiti gilda eldri skimálar deiliskipulagsins.

Tillögurnar verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði að Norðurlhelli 2, frá 11. nóvember - 23. desember 2019. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á forsiðu vefs Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is. Nánari upplýsingar eru veittar hjá umhverfis- og skipulagssviði. Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til umhverfis- og skipulagssviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 23. desember 2019.

Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar.

Skipulagsfulltrúi.

(2019020838

Útgáfud.: 7. nóvember 2019

Stefna - til lögskilnaðar

Sturla Jensen,
kt. 020173-4329,

Brekkutanga 16, Mosfellsbæ,

gjörir kunnugt; Að hann þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur eiginkonu sinni Gam Phuong Thi Nguyen, kt. 190386-4499, með óþekkt lögheimili í Vietnam en sögð til heimilis að 453/36 KB LE-VAN-SY F12. Q3. Ho Chi Minh City, Vietnam.

Dómkröfur: Þess er aðallega krafist að stefnanda verði með dómi veittur lögskilnaður við eiginkonu sína, Gam Phuong Thi Nguyen. Til vara er þess krafist að stefnanda verði með dómi veittur skilnaður að borði og sæng við fyrrnefnda eiginkonu.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu að skaðlausu.

Málflutningsumboð: Jóhannes Ásgeirsson hrl. Skólavörðustíg 6 b, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málsatvik: Stefnandi fór til Vietnam í maí 2008 og kynntist þar konuefni sínu, stefndu, Gam Phuong Thi Nguyen. Eftir skammvinnu kynni gengu þau í hjónaband í Ho Chi Minh City í Vietnam, þann 17. júní 2008, sbr. dskj. nr. 3. Stefnda flutti til Íslands í febrúar 2009 og bjuggu hjónin að Brekkutanga 16 í Mosfellsbæ. Hjónabandið gekk ekki eins og til var ætlast og flutti stefnda af landi brott um mitt ár 2010 að því er stefnanda minnir og að því er hann best veit fór hún aftur heim til Vietnam. Stefnda hefur ekki komið aftur til Íslands.

Stefnda er vietnamskur ríkisborgari og telur stefnandi hana búa í Vietnam eins og þegar þau kynntust á árinu 2008. Stefnandi hefur ítrekað reynt að hafa upp á heimilisfangi stefndu. Eins og fram kemur í endurriti úr hjónaskilnaðarbók sýslumannsins í Reykjavík, sbr. dskj. nr. 5 býr systir stefndu, Phuong Nhung Thi Nguyen, kt. 170783-2049, að Safamýri 54 í Reykjavík. Hún vildi ekki lengi vel tjá sig um dvalarstað systur sinnar en að lokum gaf hún upp framangreindan dvalarstað. Stefnda hafði fram á hasutið 2014 skráð lögheimili hjá stefnanda, sbr. skattframtöl á dskj, nr. 4 en að tilhlutan útlendingastofnunar var skráningu breytt og er hún nú með skráð lögheimili í Vietnam, sbr. dskj. nr. 9 en í tölvubréfi staðhæfir Þjóðskrá Íslands að stefnda hafi lögheimili í Vietnam sjá og bréf til Þjóðskrár, dskj. nr. 8. Stefnandi og stefnda voru eignalaus í hjúskap sbr. og framlögð skattframtöl, dskj, 4 og kemur því ekki til skipta á búi þeirra.

Stefnandi setti fram kröfu um lögskilnað hjá sýslumannsembættinu í Reykjavík, þann 13. september 2013, sbr. dskj. nr. 5. Sýslumaður vísaði málinu frá embættinu, með bréfi dags. 19. nóvember 2013, sbr. dskj. nr. 7, þar sem stefnda mætti ekki til fyrirtöku þrátt fyrir boðun.

Aðilar máls þessa eiga ekki börn saman.

Stefnandi þingfesti skilnaðarmál, E-5156/2014, þann 18. desember 2014 og voru dómkröfur þær sömu og hér greinir. Málinu var vísað frá, sbr. dskj. nr. 10 og var vísað til þess að birta hefði átt stefnuna á skráð lögheimili, Brekkutanga 16, Mosfellsbæ, en stefnda var þá sannanlega flutt til Vietnam eins og að framan er rakið. Stefnandi reyndi aftur að þingfesta mál þetta en þá tókst ekki að birta stefndu stefnu í Vietnam. Stefnandi hélt áfram tilraunum sínum við að birta stefnu en þann 17. maí 2018 barst bréf frá sýslmanninum á Suðrnesjum um að stefnu hafi ekki tekist að birta þar sem gögnin voru ekki á vietnömsku, sbr. dskj. nr. 11. Úr þessu bætti stefnandi og lét þýða öll gögn yfir á vietnömsku og sendi til birtingar en þann 16. október s.l. bars bréf frá sýslmanninum á Suðrnesjum, sbr. dskj. nr. 12, þar sem sagði m.a. að gögnin hafi ekki borist tilbaka og því hafi embættið sent fyrirspurn með formlegum hætti þ.e.a.s með

bréfi sent með póstinum til dómsmálaráðuneytisins og með tölvupósti til að óska eftir upplýsingum um framvindu málsins en engin svör hafi borist.

Stefnandi hyggst birta stefnu í Lögbirtingablaði á grundvelli a-liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök: Stefnandi krefst þess að honum verði veittur lögskilnaður frá stefndu skv. 37. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Aðilar hafa ekki verið samvistum síðan um mitt ár 2010. Stefnanda hefur ekki tekist að birta stefndu stefnu og er því nauðsynlegt að dómstólar fjalli um kröfuna.

Til vara er gerð krafa um að stefnanda verði veittur skilnaður að borði og sæng. Varðandi þá kröfu er vísað til 34. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Stefnanda hefur ekki sést á heimili aðila frá miðju ári 2010. Stefnanda er með lögheimili á óþekktum dvalarstað í Vietnam en sögð til heimilis á tilgreindu heimilisfangi og er því nauðsynlegt að dómstólar fjalli um kröfuna.

Lögsaga: Um lögsögu er vísað til 114 gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993.

Varnarþing: Varðandi varnarþing er vísað til 115. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993.

Málskostnaður: Um málskostnaðarkröfu stefnanda vísast til 130. gr. laga nr. 91/1991 og um virðisaukaskatt af henni til laga nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og ber því nauðsyn til að fá skattinn tildæmdan úr hendi stefndu.

Lagatilvísanir: Vísað er til hjúskaparlaga nr. 31/1993, einkum 37. gr. Um lögsögu er vísað til 114. gr. laganna og um varnarþing til 115. gr. þeirra. Þá er vísað til 85. gr. og a-liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála varðandi heimild til birtingar stefnu í Lögbirtingablaði.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram:

1. Stefnu.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Hjónavígsluvottorð á vietnömsku og ensku.
4. Skattframtöl 2009, 2010, 2011, 2012 2013 og 2014.
5. Endurrit úr hjónaskilnaðarbók.
6. Boðun til sýslumannsins í Reykjavík.
7. Frávísun sýslumannsins í Reykjavík.
8. Bréf til þjóðskrár.
9. Tölvubréf frá þjóðskrá.
10. Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur.
11. Bréf frá sýslumanninum á Suðurnesjum, ásamt fylgigögnum, þ.m.t. bréf frá vietnömskum yfirvöldum. birtingarvottorð, stefna á ensku og íslensku.
12. Bréf frá sýslumanninum á Suðurnesjum, ásamt fylgigögnum, þ.m.t. birtingarvottorð, stefna á vietnömsku.

Áskilnaður: Áskilinn er réttur til framlagningar frekari sönnunargagna, til að leiða fram vitni, hafa uppi mótmæli og reifa nýjar málsástæður og lagarök, ef þörf krefur.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Gam Phuong Thi Nguyen, kt. 190386-4499, með lögheimili á óþekktum stað í Vietnam en sögð til heimilis að 453/36 KB LE-VAN-SY F12. Q3. HoChi Minh City, Vietnam, til að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, kl 10.00, þriðjudaginn 17. desember 2019, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar að hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má hún búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 2. nóvember 2019.

F. h. stefnanda,

Jóhannes Ásgeirsson hrl.

(2019020697

Útgáfud.: 11. nóvember 2019

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 8. nóvember 2019, var Rúdólf Pálsson, kt. 071031-4039, sviptur fjárræði tímabundið til 8. nóvember 2020.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 8. nóvember 2019.

Arnar Þór Jónsson héraðsdómari.

(2019020839

Lögbirtingablað,

4. tölublað 2020.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,

Kristín Þórðardóttir.